
Stækkun fiskeldis Matorku í Húsatóftum í Grindavík úr 3.000 tonnum í 6.000 tonn

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 12. febrúar 2018 barst Skipulagsstofnun tillaga Matorku að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar 3.000 tonna stækkunar fiskeldisstöðvar að Húsatóftum, Grindavíkurbæ samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.24 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grindavíkurbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Stækkun fiskeldis Matorku í Húsatóftum í Grindavík úr 3.000 tonnum í 6.000 tonn. Tillaga að matsáætlun. Matorka, febrúar 2018.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Grindavíkurbæ með bréfi dags. 14. mars 2018.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 15. mars 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með tölvubréfi dags. 13. mars 2018.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 5. mars 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 2. mars 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 27. febrúar 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. mars 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 2., 5., 7. og 21. mars 2018.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

3.1 Framkvæmdalýsing

Í tillögu Matorku að matsáætlun kemur fram að fyrirtækið starfræki tvær fiskeldisstöðvar í landi Húsatófta í Grindavík. Önnur stöðin sé seiðaeldisstöð sem byggð var á níunda áratug síðustu aldar en hin stöðin sé ný áframeldisstöð og hafi leyfi til framleiðslu á 3.000 tonnum af bleikju, laxi og urriða á ári. Fyrirhuguð framkvæmd felist í stækkun eldisrýmis um 3.000 tonn í síðarnefndu stöðinni. Við framleiðsluna verði notast við ísalt og fullsalt vatn sem dælt verði úr borholum á lóð fyrirtækisins. Vatnspörf vegna framleiðsluaukningar sé um 2.000 l/sek. Miðað sé við að endurnýting á vatni verði um 70-75%. Ker verði hönnuð og byggð þannig að lífrænn úrgangur renni út um botnkerfi og fari í gegnum tromlusíu. Fast efni verði fjarlæggt en affallsvatn verði leitt í frárennislögn sem liggja til sjávar í Arfadalsvík.



Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að í frummatsskýrslu komi fram forsaga þeirra starfsleyfa sem framkvæmdaraðili hafi í Grindavík og hvort áform séu um sameiningu þeirra með þeirri framleiðsluaukningu sem nú sé fyrirhuguð. Þá þurfi að mati stofnunarinnar að gera nánari grein fyrir slátrun eldisfisks og smit- og sjúkdómavörum í frummatsskýrslu.

Í svörum Matorku kemur fram að fjallað verði nánar um áætlanir, varnir og verklagsreglur sem hafa verið settar upp í tengslum við smit- og sjúkdómavarnir auk þess að fjallað verði nánar um forsögu rekstraraðila í fiskeldi að Húsatóftum.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að ekki sé gerð nægjanlega grein fyrir fiskheldni stöðvarinnar í tillögu að matsáætlun. Koma þurfi fram hvort öll ker Matorku séu fiskheld ásamt því að gera grein fyrir búnaði staðsettum í frárennsli stöðvarinnar sem fangi fisk.

Í svörum Matorku kemur fram að betur verði gerð grein fyrir fiskheldni stöðvarinnar í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um slátrun eldisfisks og smit- og sjúkdómavarnir auk þess að gera grein fyrir fiskheldni stöðvarinnar.

3.2 Eldisfiskur

Í umsögn Matvælastofnunar er óskað eftir nánari upplýsingum um þann stofn urriða sem Matorka hyggst nota í eldinu.

Hafrannsóknastofnun telur að gera ætti betur grein fyrir tegundum, stofnum og uppruna eldisfisks.

Í svörum Matorku kemur fram að á landinu sé ekki að finna stofn regnbogaurriða. Fiskeldisstöðvar hafi því flutt inn hrogn regnbogaurriða með samþykki fisksjúkdómanefndar. Ákveði Matorka að hefja eldi á regnboga verði það ekki gert nema með samþykki fisksjúkdómanefndar og dýralæknis fisksjúkdóma.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um stofna og uppruna eldisfiska.

3.3 Frárennsli

Í tillögu Matorku að matsáætlun kemur fram að fjallað verði um áhrif frárennslis á viðtaka í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að sé staðsetning frárennslis ekki í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp sé heimilt að beita öðrum lausnum sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Hafrannsóknastofnun bendir á að um mjög stóra framkvæmd sé að ræða og stofnunin telji að frárennislögn skuli vera með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Að öðrum kosti þurfi að fjalla nákvæmlega um valkosti í matsáætlun. Ef frárennsli renni yfir lífríki fjörunnar muni lífríkið hugsanlega taka breytingum. Hafrannsóknastofnun bendir á að blöndun affallsvatns við sjó í fjörunni verði ekki eins hröð og ef lögnin næði niður fyrir stórstraumsfjöru.

Í svörum Matorku kemur fram að í aðalskipulagi sé gert ráð fyrir frárennislögn til sjávar í Arfadalsvík. Uppbygging iðnaðarsvæðinu þar sem Matorka fyrirhugar stækkun á eldisstöð sinni sé áfangaskipt og dreifist uppbygging á nokkur ár. Gert sé ráð fyrir að í lok framkvæmdatíma verði frárennsli sameinað í eina lögn og gengið frá henni í eina útrás.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að lífríki í Arfadalsvík, þar sem frárennsli muni renna til sjávar, sé frekar auðugt og fjaran sé á náttúruminjaskrá. Lífríki fjörunnar sé nú þegar undir álagi vegna fráveitu og því sé nauðsynlegt að lýsa sammögnunaráhrifum við aðra losun til sjávar í



Arfadalsvík. Huga þurfi að staðsetningu útrásar og að hún verði með þeim hætti að sem minnst rask verði á fjörunni.

Hafrannsóknastofnun bendir á að sá búnaður sem notast á við til að hreinsa föst efni frá eldinu hreinsi ekki uppleyst efni og því muni eldið skila verulegu magni af næringarefnum til sjávar. Gera þurfi grein fyrir afdrifum efna í affalsvatni því er frá fasta efni kemur. Þá þurfi að gera nákvæmlega grein fyrir þeirri efnislosun sem verður frá framkvæmdinni ásamt því að gera grein fyrir heildarrensli frá stöðinni.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í frummatsskýrslu sé vel skýrt frá mögulegum áhrifum framleiðsluaukningar á hitastig, seltu og hlutfall næringarefna í viðtaka. Greina þurfi frá efnainnihaldi fráveiti og mögulegum áhrifum frárennslis á vistkerfi svæðisins með umfjöllun um dreifingu næringarefna frá affalli í viðtaka. Auk þess telur stofnunin mikilvægt að í frummatsskýrslu verði frekari umfjöllun um endurnýtingu vatns sem og nýtingu frárennslis til þörungaframleiðslu og áhrif þeirrar framleiðslu á losun næringarefna í umhverfið.

Í svörum Matorku kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað ítarlegar um efnislosun, fóðurnotkun, hreinsun frárennslis og nýtingu frárennslis til þörungaframleiðslu

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir heildarlosun og heildarrensli stöðvar í viðtaka og mögulegum áhrifum frárennslis á hitastig, seltu og hlutfall næringarefna í viðtaka. Þá þarf að fjalla um samlegðaráhrif frárennslis stöðvarinnar og annarrar losunar í sama viðtaka. Einnig þarf að fjalla um líklega dreifingu úrgangs frá frárennslisútrás og hraða þynningar í viðtaka. Auk þess þarf að gera grein fyrir lífríki í Arfadalsvík og áhrifum frárennslis á lífríki. Jafnframt þarf að fjalla um þann valkost að frárennslis verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

3.4 Úrgangur

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að ekki sé skýrt hvað verði um lífrænan úrgang sem fjarlægður verði úr frárennslis, né hve mikið magn sé um að ræða. Að mati stofnunarinnar verði að fjalla ítarlega um magn og móttöku á föstu efni úr affalli í frummatsskýrslu. Stofnunin telji að koma þurfi fram hvort notast verði við úrgangsbelt eða beltaþurrkara við söfnun lífræns úrgangs og að rökstyðja þurfi val á búnaði

Í frekari upplýsingum frá Matorku kemur fram magn þurrs úrgangs sé áætlað um 1.500 tonn á ári sé miðað við 6.000 tona framleiðslu. Úrgangur verður urðaður á jarðvegstippi með leyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Nokkrar leiðir séu færar við söfnun lífræns úrgangs en ekki sé búið að ákveða hvaða aðferð henti best. Að mati Matorku eigi ekki að skipta máli hvaða tækni verði notuð heldur að tæknin skili þeim árangri sem stefnt sé að, þ.e. að hægt sé að safna saman og fjarlægja um 80% af lífrænum úrgangi úr frárennslis.

Skipulagsstofnun tekur undir með Matorku að það skipti mestu máli að sú aðferð sem verði fyrir valinu, við söfnun lífræns úrgangs, skili tilætluðum árangri. Skipulagsstofnun gerir því ekki kröfu um að ákvörðun um tæknibúnað liggi fyrir í frummatsskýrslu. Einungis að fjallað verði um þær aðferðir sem komi til greina og hvaða þættir verði lagðir til grundvallar við val á búnaði.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hversu mikið magn af lífrænum úrgangi verður til við framleiðsluna, mögulegar aðferðir við meðhöndlun úrgangs og hvernig lífrænum úrgangi verði fargað.

3.5 Jarðmyndanir

Í tillögu Matorku að matsáætlun kemur fram að fjallað verði um áhrif framkvæmda og reksturs á jarðmyndanir.



Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í frummatsskýrslu ætti að liggja fyrir kort af dreifingu nútímahrauns á framkvæmdasvæði og ítarleg umfjöllun um áhrif framkvæmda á jarðmyndanir og hvernig megi forðast eða takmarka rask á nútímahrauni. Ef ekki sé mögulegt að forðast rask beri að rökstyðja þá brýnu nauðsyn í frummatsskýrslu sbr. 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um jarðmyndanir á svæðinu, sýna útbreiðslu nútímahrauns á korti sem sýnir einnig fyrirhugaðar framkvæmdir og tilgreina hversu mikið rask verði á jarðmyndunum.

3.6 Grunnvatn

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að töluverðar rannsóknir hafi verið gerðar á vatnsmagni, straumum og eiginleikum vatns á Reykjanesi. Rannsóknir hafi að mestu verið unnar af ÍSOR (áður Orkustofnun) og Verkfræðistofunni Vatnaskilum. Auk þess liggja fyrir gögn sem unnin voru fyrir Hitaveitu Suðurnesja (síðar HS Orku og HS Veitur) og einstök fyrirtæki. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir fyrirhugaðri vatnstöku og að umfjöllun muni byggja á fyrirliggjandi gögnum sem ná áratugi aftur í tímann. Áhrifaþættir sem fjallað verði um séu grunnvatnsstraumar, áhrif á ár og áhrif á drykkjarhæft vatn.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi nánari grein fyrir efnainnihaldi vatns, vatnstöku og vöktun á stöðu ferskvatns við framleiðsluna. Stofnunin telji að fjalla þurfi um grunnvatn með tilliti til heildarvatnsþarfar 6.000 tonna framleiðslu. Umhverfisstofnun telji að gera þurfi grein fyrir áhrifum vatnsvinnslu á fjarsvæði vatnsverndar.

Í svörum Matorku kemur fram að ytri mörk fjarsvæðis vatnsverndar séu í rúmlega 1 km fjarlægð frá framkvæmdarsvæði. Vatnstaka verði ekki af svæði sem vatnsvernd nær til.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að gert sé ráð fyrir að vatnsnotkun vegna fyrirhugaðar 3.000 tonna aukningar sé 2.000 l/sek. Vegna þeirrar 3.000 tonna framleiðslu sem fyrirtækið hafi nú þegar hafi aftur á móti verið gert ráð fyrir vatnþörf upp á 1.000 l/sek. Það þurfi að skýra betur.

Í svörum Matorku kemur fram að fjallað verði ítarlega um vatnsvinnslu vegna framkvæmdarinnar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fyrirliggjandi rannsóknum á grunnvatni á svæðinu og mögulegum áhrifum vatnstöku vegna 6.000 tonna framleiðslu á ástand grunnvatns.

3.7 Gróðurfar og fuglar

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fjalla þurfi um vistgerðir á svæðinu sem raskkast og þá fugla sem nýta sér svæðið, þá sérstaklega til varps, með tilliti til nýjasta válista fugla frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þá þurfi að meta áhrif framkvæmdar á Arfadalsvík þar sem séu mikilvægar fjörur til fæðuöflunar fyrir fugla.

Í svörum framkvæmdaraðili kemur fram að fjallað verði um gróður og fugla.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim vistgerðum sem finna má á svæðinu skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands og fjalla þarf umfang rasks á á gróðri vegna framkvæmdanna og um verndargildi þeirra vistgerða sem raskast. Þá þarf að fjalla um þá fugla sem er að finna á svæðinu, hvaða tegundir verpa á svæðinu og hvort um sé að ræða tegundir á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá þarf að meta áhrif á fjörur með tilliti til fæðuöflunar fyrir fugla.

3.8 Landslag og ásýnd

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki sé talin þörf á frekari umfjöllun um ásýnd í frummatsskýrslu umfram þá umfjöllun sem er í tillögu að matsáætlun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að í frummatsskýrslu verði sýnileikagreining framkvæmdar og nánari umfjöllun um hvernig sjónræn mengun frá eldinu verði



takmörkuð með því að haga staðsetningu og hönnun mannvirkja til að lágmarka áhrif á ásýnd landslags.

Í svari Matorku segir að fjallað verði nánar um landslag og ásýnd í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um staðsetningu og hönnun mannvirkja með tilliti til sjónrænna áhrifa.

3.9 Fornminjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að á lóð Matorku séu skráðar þrjár fornleifar. Stofnunin telur að í frummatsskýrslu þurfi að sýna staðsetningu fornleifa á lóð Matorku á loftmynd eða korti og sýna afstöðu þeirra til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Fjalla þurfi um fornleifar og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þær og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sem mögulega þarf að grípa til.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að staðsetning fornleifa verði sýnd á mynd eða korti.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um fornleifar á lóð Matorku og möguleg áhrif framkvæmda á þær. Jafnframt þarf að sýna staðsetningu fornleifa á korti eða loftmynd með tilliti til staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar.

3.10 Efnistaka og haugsetning

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji þörf á nákvæmari upplýsingum um efnistöku og að skýrt verði frá fjölda efnistökusvæða, magni efnistöku og að staðsetning efnistökusvæða og haugsetningar verði sýnd á korti.

Í svari Matorku kemur fram að nánar verði fjallað um efnistöku og haugsetningu í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir magni efnistöku og sýna efnistökusvæði og staðsetningu haugsetningar á korti.

3.11 Vöktun

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji ákjósanlegt að vöktunaráætlun vegna vatnsvinnslu og fyrirliggjandi niðurstöður símælinga liggi fyrir í frummatsskýrslu. Þá leggur stofnunin til að í frummatsskýrslu verði nánar verði fjallað um vöktun fráveituvatns vegna mögulegra áhrifa á lífríki í fjöru.

Í svari Matorku kemur fram að ítarleg umfjöllun um vöktun og eftirlit verði í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa vegna frárennslis sem og vöktun á umhverfisáhrifum vegna vatnsvinnslu.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Matorku að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir fyrirkomulagi slátrunar og tilhögun smit- og sjúkdómavarna í eldisstöðinni. Auk þess verði gerð grein fyrir fiskheldni stöðvarinnar.
2. Í frummatsskýrslu þarf að tilgreina tegundir og uppruna þeirra stofna eldisfiska sem ræktaðir verða í eldisstöðinni.



3. Í frummatsskýrslu þarf að greina frá heildarlosun næringarefna og heildarrennslis stöðvar í viðtaka og fjalla þarf um möguleg áhrif frárennslis á hitastig, seltu og hlutfall næringarefna í viðtaka. Fjalla þarf um líklega dreifingu úrgangs frá frárennslisútrás og hraða þynningar í viðtaka.
4. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um samlegðaráhrif frárennslis eldisstöðvar með tilliti til annarrar losunar í sama viðtaka.
5. Í frummatsskýrslu verði fjallað um þann valkost að fyrirkomulag frárennslis frá stöðinni verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
6. Gera þarf grein fyrir lífríki í Arfadalsvík og áhrifum framkvæmdar á það lífríki með tilliti til frárennslis frá eldisstöðinni.
7. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um magn lífræns úrgangs sem verður til við framleiðsluna, aðferðir við að safna úrgangi og skilja frá affalsvatni og hvernig úrgangi verður fargað.
8. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um jarðmyndanir á svæðinu, sýna útbreiðslu nútímahrauns á korti sem sýnir einnig staðsetningu fyrirhugaðra framkvæmda. Tilgreina þarf hversu mikið rask verði á jarðmyndunum.
9. Í frummatsskýrslu þarf að meta umhverfisáhrif vatnsvinnslu vegna 6.000 tonna framleiðslu á eldisfiski.
10. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim vistgerðum sem eru á svæðinu með tilliti til vistgerðakorts Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fjalla þarf um umfang rasks á gróðri vegna framkvæmdanna og verndargildi þeirra vistgerða sem raskast. Fjalla þarf um þá fugla sem er að finna á svæðinu, hvaða tegundir verpa á svæðinu og hvort um sé að ræða tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Meta þarf hvort framkvæmd hafi áhrif á möguleika fugla til fæðuöflunar í Arfadalsvík.
11. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um sjónræn áhrif framkvæmdar og aðferðir til að draga úr sjónrænum áhrifum.
12. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um fornleifar á lóð Matorku, möguleg áhrif framkvæmda á þær ásamt því að sýna fornleifar á korti eða loftmynd sem sýnir einnig fyrirhugaðar framkvæmdir.
13. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir magni efnistöku og sýna efnistökusvæði og staðsetningu haugsetningar á korti.
14. Í frummatsskýrslu skal leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa vegna frárennslis og vatnsvinnslu.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 28. mars 2018

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinsson